



## Menntamálastofnun

B/t. Svanhildur María Ólafsdóttir

[svanhildur.maria.olafsdottir@mms.is](mailto:svanhildur.maria.olafsdottir@mms.is)

Víkurbær 3

203 Kópavogi

Öxarfirði 28. febrúar 2023

### Efni: Umbótaáætlun Öxarfjarðarskóla – Eftirfylgni ytra mats

Vísað er til fyrri bréfasamskipta um stöðu umbóta vegna ytra mats sem fram fór í Öxarfjarðarskóla haustið 2019 þar sem kallað er eftir staðfestingu skólastjóra og sveitarfélags að komnar séu til framkvæmda þær umbætur sem lagðar voru til í [skýrslu](#) Menntamálastofnunar í kjölfar ytra mats 2019. Einnig er kallað eftir mati skóla og sveitarfélags á því hvernig til tókst að vinna að umbótum og með hvaða hætti er fyrirhugað að halda áfram með innra mat og umbætur.

Í hnotskurn má segja að [umbótaáætlun](#) hafi gengið vel og margt gott áunnist og komist til framkvæmdar eins og ráðgert var. Samkvæmt stöðu á henni teljum við umbótum lokið. Síðan skólinn fór í ytra mat haustið 2019 hafa orðið skólastjóranskipti en þrátt fyrir það og aðrar ótalдар breytingar þá hefur tekist að vinna markvisst að umbótum. Þrátt fyrir að við staðfestum með bréfi þessu og stöðu á umbótaáætlun að þeim umbótum sé formlega lokið í þessu ferli, þá eru markmið okkar áfram skýr og næstu ár munu sveitarfélagið og skólinn halda áfram að vinna að þeim umbótum sem ytra mat gaf okkur tækifæri til að vinna með í takt við gildandi skólastefnu og markvissa notkun gæðaviðmiða um skólastarf.

Í stuttu máli hefur tekist vel til við að nýta ytra matið til þess að styrkja skólastarfið enda hefur á sama tíma verið unnið að innleiðingu skólastefnu Norðurlingur og m.a. nýtt til þess gæðaviðmið um grunnskólastarf þar sem skólinn hefur markvisst gert þau að sínum, staðsett styrkleika og unnið að umbótum þar sem veikleikar hafa birst. Stöðu skólans gagnvart skólastefnuviðmiðum og gæðaviðmiðum um skólastarf má skoða hverju sinni í skýrslu um innra mat sem er að finna á heimasíðu skólans.

Í fyrsta lagi var byrjað að sinna umbótum tengdum **innra mati** skólans. Gæðaráð (matsteymi) var stofnað, unnið að gerð langtíma- og ársáætlunar um innra mat sem gæðaráð vann eftir. Þær áætlanir eru nú í endurskoðun og er það aðallega til þess að þær nái til beggja skólastiga. Endurskoðun á fyrirlögn kannana fyrir nemendur, starfsfólk og foreldra hefur átt sér stað og þær nýttar til að staðsetja skólann og koma auga á styrkleika auk tækifæra til umbóta. Allt innra mat skólans er svo dregið saman að vori í skýrslu um innra mat auk umbótaáætlunar og birt á heimasíðu.

Í öðru lagi hefur umbótum tengdum **stjórnun og faglegri forystu** verið stýrt í gegnum endurskoðun skólanámskrár sem lauk vorið 2022. Samhliða þeirri vinnu hófst vinna við þróun námsvísis fyrir skólann þar sem markmið náms og kennslu auk námsmats birtist auk annarra



Þátta. Starfsáætlun skólans hefur verið endurskoðuð og birt á heimasíðu, þar er að finna skipulag funda og starfsdaga, val nemenda, samstarf ýmiskonar ofl. Ýmsar skráningar og verklag hefur verið uppfært enda einnig og á sama tíma orðið skólastjóráskipti og því hefur m.a. ytra matið hjálpað til við þróun stjórnunar. Stefnan er orðin skýr og starfshættir í mikilli framþróun.

Í þriðja lagi hafa miklar breytingar og framþróun átt sér stað í **námi og kennslu**. Námsvísir sem ber uppi samþætt nám og samkennslu vísar veginn en sú þróun er í gangi og kennarar og skólastjóri með stuðningi kennsluráðgjafa eru sífellt færari í að orða eigin starfshætti og koma auga á það sem virkar vel til að mæta fjölbreyttum og skapandi nemendahópi. Kannanir og virk samtöl við nemendur og aukin aðkoma þeirra að eigin námi styður við breytta starfshætti. Kennarar eiga skýran tíma til samráðs og ígrundunar, starfsþróunaráætlun er til en vilji til að bæta hana enn frekar. Skólinn er í þróunarverkefni við þróun teymiskennslu og sífellt er reynt að gera námsmat skilvirkara og tengja betur leiðsagnarnámi og mati.

Í viðhengi er staðan á umbótaáætlun í febrúar 2023 og má með skýrum gögnum segja frá því að við teljum þeim umbótum sem þar koma fram lokið eða komnar vel á veg til framkvæmdar. Með skýru innra mati byggt á áætlunum og viðmiðum skólans þá er tryggt að þær umbætur sem unnið hefur verið að síðastliðin 3 ár verði endurmetnar á einn eða annan hátt á kerfisbundinn hátt. Helstu umbætur sem eru í gangi í vetur eru eftirfarandi og birtast í skýrslu um innra mat:

- Vinna að starfsþróunaráætlun fyrir skólann sem snýr að breyttum starfsháttum er varða teymiskennslu og aukna samþættingu námsgreina, s.s. fleiri þemaverkefni þvert á árganga.
- Taka upp nýtt samræmt skráningarkerfi fyrir námsárangur og hafa leiðsagnarmat í forgrunni.
- Koma námsmati og námsvísi í fast form eftir þróunarvinnu með samþættingu.
- Greina betur gæði kennslu og afla gagna.
- Efla námsvitund nemenda.
- Efla ábyrgð og þátttöku nemenda kerfisbundið í skólastarfi skólans.
- Efla fagmennsku starfsfólks og áherslur á birtingarmynd leiðsagnarnáms í starfi.
- Gera ítarlegri umbótaáætlun í skýrslu um innra mat næsta vor.

*Það er okkar mat að í kjölfar ytra mats hafi skólinn nýtt sér þær ábendingar um umbætur sem lagðar voru til og unnið markvisst að þeim til skólaþróunar.*

Virðingarfyllt,

Hrund Ásgeirsdóttir skólastjóri

Katrín Sigurjónsdóttir sveitarstjóri